

# Abbi og eg og Abbi

"Afi og ég og afi"

Höfundur texta: Dánial Hoydal (FO)  
Höfundur mynda: Annika Øyrabø (FO)  
Bókadeild Føroya Lærarafelags 2021  
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2022.

Sögupráður: Sagan fjallar um vináttu stráks og afa hans. Þeir leika sér saman að orðum, gefa öndunum og skemmta sér. En allt í einu breytist afi og hættir að hlæja.

Efnisflokkar: Fjölskyldutengsl, vinátta, samhugur, fyndni, tilfinningar, veikindi.

## Samtöl og leikur:

### SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðaðu bókarkápuna að framan og að aftan. Hvað sérðu? Hvað heldurðu að þetta svarta á baksíðunni sé? Skoðaðu opnuna þar sem ísskápurinn er. Hvað sérðu í ísskápnum?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna að framan og að aftan. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Skoðaðu opnuna þar sem ísskápurinn er. Sérðu eitthvað sem er yfirleitt ekki í ísskáp? Hvers vegna heldurðu að það sé þarna?
3. Skoðaðu myndirnar í bókinni. Hvað finnst afa og stráknum gaman að gera saman?
4. Hvað finnst þér gaman að gera með afa þínum og ömmu eða öðru gömlu fólki í fjölskyldunni? Teiknaðu og segðu frá!
5. Það eru mörg epli í bókinni. Þekkirðu aðrar sögur eða ævintýri þar sem eru epli?

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðaðu bókarkápuna að framan og að aftan. Hvað sérðu framan á bókinni? Hvað sérðu aftan á bókinni? Bókarkápan er í ljósum litum að framan og dökkum að aftan. Hvers vegna heldurðu að þetta sé ólíkt?
2. Skoðaðu opnuna þar sem ísskápurinn er. Skrifaðu eða teiknaðu þrjá lista:



- a. Hvað sérðu í ísskápnum?
- b. Hvað er yfirleitt ekki í ísskáp?
- c. Hvað er í ísskápnum heima hjá þér?

3. Skoðaðu opnuna þar sem strákurinn heldur á lauk. Hvað heldurðu að hafi gerst? Er eitthvað annað á myndinni sem er öðru vísi? Hvers vegna heldurðu að þeir séu svona leiðir á svipinn?

4. Afi er farinn að gleyma og skilja hluti eftir á vitlausum stað. Hvað þýðir að vera gleyminn, þekkirðu einhver sem eru gleymin?

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér um bókina? Hvað fannst þér ekki skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Skoðaðu bókarkápuna að framan og að aftan. Skoðaðu alla bókina. Á bókarkápunni og inni í bókinni eru myndirnar ýmist ljósar eða dökkar. Hvers vegna heldurðu að höfundur myndanna hafi haft þetta svona? Hvaða andrúmsloft heldurðu að höfundur myndanna hafi viljað skapa?
3. Hvernig fannst þér bókin? Hvaða staður í bókinni fannst þér bestur?
4. Lestu heiti bókanna. Hvers vegna heldurðu að sé endurtekning í heitinu?

5. Afinn leikur sér að orðum og býður stráknum „vöku með ferjum“ í staðinn fyrir „köku með berjum“. Þekkirðu einhver sem eru dugleg að leika sér að orðum? Finndu upp á orðaleikjum!

5. Strákurinn hefur áhyggjur af afa sínum og talar um það við mömmu sína. Hvað segir mamma hans og hvers vegna segir hún það?

6. Hvernig heldurðu að myndirnar séu búnar til?

7. Teiknaðu andlit þitt á sama hátt og höfundur myndanna bjó þær til. Reyndu að draga skýrt fram það sem einkennir þig.

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Georg er borte. Höfundur: Ragnar Aalbu

MÁLAMOLI

## "Gleymaska"

sænska	danska	norska	íslenska	færeyska	grænlenska	finnska	norðursamíska
Glömska			Gleymaska			Unohdus	
	Glemsel			Gloymaska			Muittoheapmi
		Glemsel			Puigugaq		



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)